

Alþingi
Erindi nr. P 136/1567
komudagur 16.3.2009

SFF

SÁMTÖKFIJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Allsherjarnefnd Alþingis

16. mars 2009

Minnisblað um skaðabótalög

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) fagna áhuga allsherjarnefndar á endurskoðun skaðabótalaga nr. 50/1993. Samtökin telja að fullt tilefni sé til endurskoðunar á ákvæðum skaðabótalaga. Þó er lögð áhersla á að slík endurskoðun taki til laganna í heild sinni en ekki eingöngu til einstakra ákvæða þeirra.

Mikilvægt er að sú vinna verði fagleg og vönduð og mat fari fram á áhrifum breytinga sem lagðar verða til á lögnum. Það skiptir miklu máli fyrir samfélagið í heild sinni að vandað sé til breytinga á löggjöf á þessu sviði í þeim tilgangi að hún sé skýr, kerfið skilvirkt og gagnsætt og ekki ríki óvissa um einstaka bóталиði í lögnum. Einnig er mikilvægt að jafnræði tjónþola sé virt og rökstuðningur sé skýr ef setja á reglur sem ekki eru í samræmi við tilgang gildandi skaðabótalaga eða almennar reglur skaðabótaréttarins.

Þau atriði sem helst hefur verið ósætti um eru annars vegar frádráttarreglur laganna og hins vegar lágmarkslaunaviðmið við útreikning bóta fyrir varanlega örorku. Með breytingum sem gerðar voru á skaðabótalögum árið 1999 var horfið frá þeirri stöðlun bóta sem verið hafði í lögnum frá gildistöku þeirra. Núgildandi kerfi byggir á því markmiði að nálgast vel raunverulegt fjártjón hvers og eins tjónþola með nákvæmu stuðlaverki, reglum um frádrátt bóta frá þriðja aðila o.fl. Gallinn við kerfið er hins vegar sá að hin mismunandi bótakerfi vinna ekki nægilega vel saman, þar sem bætur almannatrygginga og lífeyrissjóða eru greiddar í formi lífeyris og tjónþoli fer reglulega í endurmat en skaðabætur eru gerðar upp í formi eingreiðslu. Því getur ríkt óvissa um framtíðarbótarétt tjónþola úr almannatryggingum og frá lífeyrissjóðum þegar skaðabótauppgjör fer fram.

Segja má að váttryggingafélög hafi þá hagsmuni eina af því hvernig skaðabótalögum er háttað að reglur laganna séu skýrar, skilvirkar og einfalt sé að vinna eftir þeim. Allir geta verið sammála um mikilvægi þess að uppgjorsreglur laganna séu réttlátar, þær feli ekki í sér mismunun gagnvart einstökum hópum tjónþola og réttur þeirra tjónþola sem slasast alvarlega eigi að vera vel tryggður. Váttryggingafélögin hafa lítil áhrif á það hvernig uppgjóri samkvæmt skaðabótalögum er háttað en félögin vinna eftir gildandi uppgjorsreglum skaðabótalaga og þekkja því vel hvernig kerfið virkar í framkvæmd.

Við endurskoðun uppgjorsreglna skaðabótalaga þarf að skoða í samhengi stuðlaverk laganna og frádráttarreglurnar. SFF leggja eindregið gegn því að skaðabótalögum verði einungis breytt að því leyti að frádráttarregla 4. mgr. 5. gr. breytist, eins og gerð var ráð fyrir í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum sem var lagt fram á alþingi veturinn 2004-2005. Meðfylgjandi er dæmi sem sýnir vel að slík breyting leiðir ekki af sér jafnræði milli tjónþola.

SFF leggja ríka áherslu á að fram fari vönduð vinna sérfræðinga við endurskoðun skaðabótalaga. Samtökin leggja til að fengnir verði færustu sérfræðingar á þessu sviði, t.d. prófessorar í skaðabótarétti, til þess að fara yfir skaðabótalögin í heild og semja frumvarp til breytinga á lögnum. Slík vinna þarf ekki að taka langan tíma, væntanlega 2-3 mánuði, og ekkert því til fyrirstöðu að ljúka henni fyrir haustið þannig að leggja megi fram frumvarp þegar Alþingi kemur saman í haust.

Telji Alþingi brýna þörf á að ráðast þegar í stað í breytingar á uppgjorsreglum skaðabótalaga og slíkar breytingar geti ekki beðið til hausts vilja SFF benda á að aðrar leiðir eru færar til þess að bæta stöðu barna og annarra þeirra sem slasast alvarlega en að gera breytingar á frádráttarreglu 4. mgr. 5. gr. Þær hugmyndir sem hér verða nefndar hafa ekki í för með sér röskun á reikniverki skaðabótalaga líkt og tillögur sem komið hafa fram þess efnis að breyta frádráttarreglu 4. mgr. 5. gr. laganna án þess að taka margföldunarstuðla laganna til endurskoðunar samhliða.

Í þessu sambandi mætti t.d. endurskoða reglu 4. gr. laganna um bætur fyrir varanlegan miska, t.d. á þann veg að miskastig yfir 50% verði látið vega meira við ákvörðun bóta, hugsanlega þannig að bótafjárhæðir fari stighækkandi með hækkandi miskastigi. Slík breyting myndi bæta stöðu þeirra sem verða fyrir alvarlegu líkamstjóni.

Einnig mætti íhuga að hækka svokallaða lágmarkslaunaviðmiðun í 7. gr. laganna til útreiknings bóta til þeirra sem hafa aldrei farið út á vinnumarkað, þ.e. barna og námsmanna. Jafnframt er lagt til að notað verði hugtakið „viðmiðunarlaun“ í stað lágmarkslauna. Þá færi betur á því að tengja launaviðmiðanir laganna við launavísitölu en lánskjaravísitölu. Athygli er vakin á því að frá gildistöku skaðabótalaga í júlí 1993 til janúar 2009 hefur launavísitala hækkað um 170% en lánskjaravísitala hefur hækkað um 97% á sama tímabili. Breytingar á viðmiðunarlaunum og vísitölu myndu leiða til hækkunar bóta fyrir varanlega örorku til ungmenna og tekjulágra tjónþola.

Auk framangreindra atriða telja SFF ástæðu til þess að endurskoða fleiri ákvæði laganna. Þar má að t.d. nefna reglur um ákvörðun og lágmarksfjárhæð bóta til maka eða sambúðaraðila skv. 13. gr., reglur um bætur til barns samkvæmt 14. gr. og reglu 2. mgr. 22. gr. um endurkröfurétt váttryggingafélags.

Að mati SFF að er einnig ástæða til að yfirfara umgjörð við örorkumat hér á landi. Í þeim efnum telja samtökin skynsamlegt það kerfi sem viðgengist hefur um árabíl í Danmörku.

Ítrekað skal að best fer á því að fela óháðum sérfræðingum á sviði skaðabótaréttar að fara yfir löggin í heild og leggja fram tillögur um breytingar. Gildandi uppgjorsreglur skaðabótalaga hafa verið óbreyttar frá maí 1999. Að mati SFF er brýn ástæða til breytinga á ákveðnum þáttum laganna en jafnmikilvægt að sú vinna verði sem faglegust.

F.h. SFF,



Helga Jónsdóttir hdl.